

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 15/2008

frá 1. febrúar 2008

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 169/2007 frá 7. desember 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/799/EB frá 3. nóvember 2006 um endurskoðaðar, vistfræðilegar viðmiðanir og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun við veitingu umhverfismerkis Bandalagsins fyrir jarðvegsbæti ⁽²⁾.
- 3) Samkvæmt ákvæðum ákvörðunar 2006/799/EB fellur úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/688/EB ⁽³⁾, en hún hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Liður 2d (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/688/EB) í XX. viðauka við samninginn hljóði svo:

„**32006 D 0799**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/799/EB frá 3. nóvember 2006 um endurskoðaðar, vistfræðilegar viðmiðanir og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun við veitingu umhverfismerkis Bandalagsins fyrir jarðvegsbæti (Stjtíð. ESB L 325, 24.11.2006, bls. 28).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2006/799/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 2. febrúar 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 124, 8.5.2008, bls. 37, og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 26, 8.5.2008, bls. 30.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 325, 24.11.2006, bls. 28.

⁽³⁾ Stjtíð. EB L 242, 12.9.2001, bls. 17.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. febrúar 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.